

Þingeyjarsveit  
Kristján Jóhannesson,  
skrifstofustjóri  
Kjarna  
650 Laugar

Umhverfisstofnun
Áb. _____
<b>16 MARS 2010</b>
10.4.3
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. mars 2010  
Tilvísun: UST20100100010/ksj

### Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar að Skógum í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Vísað er til erindis skrifstofustjóra Þingeyjarsveitar er barst 4. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi vegna frístundabyggðar í landi Skóga, Fnjóskadal í Þingeyjarsveit.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir lóðum fyrir 20 frístundahús. Stærð svæðisins fyrir frístundalóðir er um 12. ha. Deiliskipulagstillögusvæðið er í tveim hlutum og liggja svæðin austan og vestan Þjóðvegur nr. 833. Vestara svæðið kallast Skógarhlíð og liggur í hlíð fyrir vestan áður nefndan Þjóðveg og sunnan bæjarhúsa Skóga, alls 9 lóðir. Eystra svæðið liggur milli Þjóðvegur 833 og Fnjóskár, kallast Skógarmelar og nær yfir 11 lóðir.


Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

#### Frágangur lóðar mannvirkjagerð á lóðamörkum

Fram kemur í umfjöllun um frágang lóða að : „Við plöntun á trjágróðri á skipulagssvæðinu skal tekið mið af landslagi og staðháttum.“ Umhverfisstofnun bendir á að þar sem að mikill birkiskógur er austan Fnjóskár, þurfi uppgræðsla á frístundalóðum í landi Skóga að taka mið af því og mælir stofnunin með að lögð verði áhersla á að notaðar verði innlendar plöntutegundir s.s. birki, reynir og íslenskar víðitegundir.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun